



Alþingi
Erindi nr. P 136/1404
komudagur 23.3.2009

Reykjanesbær, 19. mars 2009.

Iðnaðarnefnd Alþingis

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík, 394. mál

Bæjarráð Reykjaneshafnar hefur mótttekið ósk Iðnaðarnefndar Alþingis eftir umsögn Reykjaneshafnar um frumvarp til laga um heimild samninga um álver í Helguvík, 394. mál (heildarlög).

Í fylgigögnum með frumvarpinu er nákvæmlega lýst þeim samningum sem Reykjaneshafnar og Reykjaneshöfn hafa gert við Norðurál í Helguvík.

Fylgiskjal III er lýsing á samningi um leyfisveitingar og gjaldtöku vegna fyrirhugaðs álvers á iðnaðarsvæði við Helguvíkurhöfn milli Reykjaneshafnar, Reykjaneshafnar, Sveitarfélagsins Garðs og Norðuráls Helguvíkur ehf. dags. 04.01. 2007.

Fylgiskjal IV lýsir hafnarsamningi milli Reykjaneshafnar og Norðuráls Helguvíkur ehf. dags. 27.04. 2006 með síðari breytingum (13. maí 2008).

Fylgiskjal V lýsir lóðarsamningi milli Reykjaneshafnar og Norðuráls Helguvíkur ehf. dags. 27.04. 2006 með síðari breytingum (29.4. 2008).

Fylgiskjal X í kafla 3.6 annari málsgrein er sagt að aðalskipulagsbreyting Reykjaneshafnar hafi ekki verið staðfest af ráðherra sem er rangt, þar sem hún var staðfest 3.12.2007. Deiliskipulag Reykjaneshafnar tók gildi 3.3. 2008. Leiðrétting á deiliskipulagi Sveitarfélagsins Garðs v/ flæðigryfju og vegi sem að henni liggur, sem er innan marka Sveitarfélagsins Garðs er nú í vinnslu.

Reykjaneshafnar hefur áður samþykkt fyrir sitt leyti mat á umhverfisáhrifum og drög að starfsleyfi v/ álversins í Helguvík.

Bæjarráð Reykjaneshafnar staðfestir að ofangreind fylgiskjöl með samningnum eru í samræmi við gerða samninga Reykjaneshafnar og Reykjaneshafnar við Norðurál Helguvík ehf., og mun fjárfestingarsamningurinn styðja við gerða samninga.

Bæjarráð Reykjaneshafnar styður fjárfestingarsamninginn heils hugar, þar sem hann mun styrkja Norðurál Helguvík ehf. við öflun fjármagns og tryggja framvindu framkvæmda við álversuppbygginguna í Helguvík.

Með vinsemd og virðingu,
bæjarráð Reykjaneshafnar

Hjörtur Þorvaldursson
REYKJANESBÆR



5. mál.

Erindi iðnaðarnefndar Alþingis – frumvarp til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík.

Bæjarráð Reykjanesbæjar hefur móttengið ósk Iðnaðarnefndar Alþingis eftir umsögn Reykjanesbæjar um frumvarp til laga um heimild samninga um álver í Helguvík, 394. mál (heildarlög).

Í fylgigögnum með frumvarpinu er nákvæmlega lýst þeim samningum sem Reykjanesbær og Reykjaneshöfn hafa gert við Norðurál í Helguvík.

Fylgiskjal III er lýsing á samningi um leyfisveitingar og gjaldtöku vegna fyrirhugaðs álvers á iðnaðarsvæði við Helguvíkurhöfn milli Reykjaneshafnar, Reykjanesbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Norðuráls Helguvíkur ehf. dags. 04.01. 2007.

Fylgiskjal IV lýsir hafnarsamningi milli Reykjaneshafnar og Norðuráls Helguvíkur ehf. dags. 27.04. 2006 með síðari breytingum (13. maí 2008).

Fylgiskjal V lýsir lóðarsamningi milli Reykjaneshafnar og Norðuráls Helguvíkur ehf. dags. 27.04. 2006 með síðari breytingum (29.4. 2008).

Fylgiskjal X í kafla 3.6 annarri málsgrein er sagt að aðalskipulagsbreyting Reykjanes-bæjar hafi ekki verið staðfest af ráðherra sem er rangt, þar sem hún var staðfest 3.12.2007. Deiliskipulag Reykjanesbæjar tók gildi 3.3. 2008. Leiðrétting á deiliskipulagi Sveitarfélagsins Garðs v/ flæðigryfju og vegi sem að henni liggur, sem er innan marka Sveitarfélagsins Garðs er nú í vinnslu.

Reykjanesbær hefur áður samþykkt fyrir sitt leyti mat á umhverfisáhrifum og drög að starfsleyfi v/ álversins í Helguvík.

Bæjarráð Reykjanesbæjar staðfestir að ofangreind fylgiskjöl með samningnum eru í samræmi við gerða samninga Reykjanesbæjar og Reykjaneshafnar við Norðurál Helguvík ehf., og mun fjárfestingarsamningurinn styðja við gerða samninga.

Bæjarráð Reykjanesbæjar styður fjárfestingarsamninginn heils hugar, þar sem hann mun styrkja Norðurál Helguvík ehf. við öflun fjármagns og tryggja framvindu framkvæmda við álversuppbygginguna í Helguvík.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Tóður Jónsson
Steinþór Þorjónsson
Forsteinn Erlingsson
Tindur Kjartansson
Gert/Er